



Hvaða hag hafa fyrirtæki af því að innleiða stjórnarhætti fyrirtækja eftir leiðum PwC?

Fara réttar upplýsingar til rétta fólksins innan þíns fyrirtækis?

Hvernig getur PwC aðstoðað þitt fyrirtæki við að skapa skilvirka áhættustjórnun?

## Fyrirtækjaráðgjöf

# Stjórnarhættir fyrirtækja

Stjórnarhættir fyrirtækja snúast um ábyrgð og hlutverk stjórnar. Góðir stjórnarhættir ákvarðast m.a. af samsetningu og skipulagi stjórnar, samskiptum hennar við framkvæmdastjórn og hluthafa og þeim aðferðum sem hún velur til að ná markmiðum sínum.

Hluthafar og aðrir hagsmunaaðilar vænta þess að stefna stjórnar sé skýr, fylgt sé skilvirkri áhættustjórnun og skörp áhersla sé á sjónarmið markaðarins og eftirfylgni með reglum.

PwC telur góða stjórnarhætti skipta sköpum til að fyrirtæki vaxi, séu samkeppnishæf og sjálfbær.

Skilvirk áhættustjórnun er eitt mikilvægasta atriði góðra stjórnarháttanna og má skipta henni í þrjú stig.

## Þrjú stig áhættustjórnar

### Áhættumat


Við þróun stefnu og setningu markmiða fyrirtækis er mikilvægt að stjórn og framkvæmdastjórn þekki vel helstu rekstraráhættuþætti og greini þær ógnir og þau tækifæri sem í þeim felast.

### Áætlun um áhættustjórnun

Framkvæmdastjórn ber að skipuleggja áhættustjórnun á grunni áhættumats í samráði við stjórn og tryggja að stjórnin fái reglulega upplýsingar um þróun mála á mikilvægustu áhættusviðum.

### Upplýsingagjöf

Mikilvægt er að upplýsa um áhættustjórnun í ársuppgjöri. Slík upplýsingagjöf eykur trúverðugleika félagsins hjá hluthöfum, lánadrottnum og öðrum hagsmunaaðilum.



## Aðrir þættir góðra stjórnarháttá

Að mati PwC skiptir öflug áhættustjórnun sköpum þegar kemur að góðum og skilvirkum stjórnarháttum fyrirtækja. Aðrir þættir skipta einnig miklu máli vegna þess að samspil þeirra skapar umgjörð góðra stjórnarháttá. Þessir þættir eru:

- Samsetning stjórnar
- Skilvirkni og starfsemi stjórnar
- Stefnumótun og eftirfylgni
- Skilvirk áhættustjórnun og innra eftirlit
- Gagnsæi og upplýsingagjöf
- Samfélagsábyrgð fyrirtækisins

## Hvað getur PwC gert fyrir þig?

PricewaterhouseCoopers hefur áralanga reynslu af ráðgjöf á sviði áhættustjórnunar. Markmiðið er að aðstoða fyrirtæki við að uppfylla ströngustu kröfur sem gerðar eru á því sviði. PwC er aðili að *The Committee of Sponsoring Organisations of the Treadway Commission* (COSO), sem gefur út leiðbeiningar um virka áhættustjórnun fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. PwC hefur þannig átt ríkan þátt í að móta alþjóðlegar kröfur til áhættustjórnunar og innra eftirlits með eins litlum tilkostnaði og hægt er.

Við getum veitt þínu fyrirtæki aðstoð á öllum sviðum stjórnarháttá með því að taka út núverandi stjórnarhætti fyrirtækisins og bera saman við „bestu framkvæmd“ á hverju sviði, veita ráðgjöf og/eða þjálfun. Reynsla okkar bæði hér heima og á alþjóðavettvangi, hefur kennt okkur að þjónustuna verði að sérsníða að hverjum og einum viðskiptavini, þar sem fyrirtæki eru komin mislangt í að innleiða stjórnarhætti og hafa ólíkar þarfir.

Við höfum ekki einungis áralanga reynslu af ráðgjafastörfum, heldur getum boðið upp á þjónustu fjölda sérfræðinga með víðtæka þekkingu á flestum sviðum, erlendum sem innlendum, og höfum aðgang að öflugum gagnabönkum í gegnum PwC Global Best Practices.

## Hver gæti árangur góðra stjórnarháttá orðið?

Ef notast er við umgjörð og leiðir PwC að góðum stjórnarháttum gæti árangurinn orðið þessi:

- Aukið verðmæti fyrirtækisins
- Betri skilningur á áhættu í rekstri og leiðum til að mæta ógnunum
- Betri nýting tækifæra
- Rekstrarhagvæmni sem leiðir af öflugri áhættustjórnun
- Tæki til að meta árangur og ákvarðanatöku stjórnenda og annarra starfsmanna
- Jákvæðari umfjöllun greiningaraðila og fjárfesta
- Lægri fjármagnskostnaður og lægri greiðslur iðngjalda til tryggingarfélaga
- Skráð félög geta upplýst að þau fylgi, eða gangi jafnvel lengra, en krafist er í leiðbeiningum um stjórnarhætti
- Minni tími í að kljást við afleiðingar slæmra ákvarðana eða áfalla – meiri tími til að stunda viðskipti
- Jákvæð ímynd innan og utan veggja fyrirtækisins

## Tengiliðir

### Haldór Þorkelsson

Sviðsstjóri Fyrirtækjaráðgjafar

+ 354 550 5229

[halldor.thorkelsson@is.pwc.com](mailto:halldor.thorkelsson@is.pwc.com)

### Ragnar Þ. Jónasson

Ráðgjafi / lögfræðingur

+ 354 550 5360

[ragnar.jonasson@is.pwc.com](mailto:ragnar.jonasson@is.pwc.com)

Þessi kynning felur ekki í sér ráðgjöf af neinu tagi. Ekki ætti að aðhafast samkvæmt þessu kynningarriti án þess að fá sérfræðilega ráðgjöf. PricewaterhouseCoopers hf., PricewaterhouseCoopers LLP, hluthafar, starfsmenn og umboðsaðilar bera ekki ábyrgð á upplýsingum sem gefnar eru í þessu riti eða aðgerða sem framkvæmdar eru af hálfu annarra aðila á grundvelli þessara upplýsinga.

© 2006 PricewaterhouseCoopers hf. Allur réttur áskilinn. „PricewaterhouseCoopers“ vísar til PricewaterhouseCoopers hf. á Íslandi, nema ráða megi af samhengi eða beinum tilvísunum að vísað sé í önnur fyrirtæki í samstæðu PricewaterhouseCoopers International Limited sem öll eru lagalega sjálfstæðar einingar.